

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands fimmtudaginn 13. mars 2008 í máli nr. E-176/2007:

Jacqueline St. Jacques

(Eva Dís Pálmadóttir hdl.)

gegn

Álfasteini ehf

(Gísli M. Auðbergsson hdl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar s.l., er höfðað með stefnu birtri 15. ágúst 2007.

Stefnandi er Jacqueline St. Jacques, kt. 000000-0000, 4-2415 Lat Road, Westbawk, BC, Kanda.

Stefndi er Álfasteinn ehf., kt. 000000-0000, Iðngörðum, Borgarfirði (eystri).

Dómkröfur stefnenda eru þær að hið stefnda einkahlutafélag verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 48.710 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af 44.510 krónum frá 1. maí 2005 til 1. júní 2005, af 48.710 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda veðri gert að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

II.

Málavextir

Stefnandi er kanadískur ríkisborgari. Hún kom til Íslands á eigin vegum í júlí 2004 og hóf störf sem sjálfboðaliði hjá Laut, athvarfi fyrir geðfatlaða á Akureyri, en stefnandi hafði dvalarleyfi á Íslandi en ekki atvinnuleyfi. Um haustið hætti stefnandi að vinna fyrir athvarfið á Akureyri og fluttist til Borgarfjarðar eystri í október 2004. Stefnandi kveðst hafa sótt um vinnu á Reyðarfirði, en þegar til hafi komið hafi það ekki gengið þar sem hún hafi ekki verið með atvinnuleyfi.

Stefnandi kveðst hafa ráðið sig til starfa hjá stefnda hinn 10. desember 2004 í einn mánuð til reynslu. Hún og framkvæmdastjóri stefnda hafi samið um það munnlega að hún fengi greiddar 700 krónur á klukkustund. Í framhaldinu yrði sótt um atvinnuleyfi fyrir hana hér á landi. Skriflegur ráðningarsamningur var undirritaður af málsaðilum 8. febrúar 2005.

Óumdeilt er að vinnustundir stefnanda eru skráðar á framlögðum töflum á dskj. 4 til 7 vegna mánaðanna desember 2004 og janúar til og með mars 2005. Stefnandi kveður að launaseðil vegna þessarar vinnu sé síðan að finna á dómskjali nr. 8. Samkvæmt launaseðlinum, sem virðist byggja á tímakaupi samkvæmt ráðningarsamningi, hafi stefnandi átt að fá útborgaðar 252.473 krónur en aðeins fengið 242.186 krónur greiddar. Auk þess hafi stefnandi ekki fengið greitt orlof sem dregið hafi verið af launum hennar og leggja hafi átt inn á bankareikning, samtals 34.223 krónur og ekki laun (þ.m.t. orlof) vegna eins dags sem hún hafi unnið í maí, samtals 6 klst., sbr. dskj. nr. 9.

Óumdeilt er að stefnandi sagði upp störfum hjá stefnda 12. mars 2005 og þá með tveggja vikna fyrirvara frá 14. mars sama ár, sbr. dómskjal nr. 10. Að beiðni fyrirsvarsmanns stefnda vann stefnandi ekki á uppsagnarfresti. Með bréfi Vinnumálastofnunar, dagsettu 18. apríl 2005, var stefnda synjað um atvinnuleyfi fyrir stefnanda.

Málsaðilum ber ekki að öllu leyti saman um málsatvik. Stefndi kveðst reka starfsemi, sem felist í söfnun steina og framleiðslu úr þeim, rekstri kaffi- og menningarhúss og uppfræðslu til almennings, þ. á m. skólabarna. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1981 hafi það sinnt menningar- og ferðamálum fyrir samfélagið á Borgarfirði. Stefndi kveður stefnanda hafa komið til starfa hjá sér sem sjálfboðaliði í desember 2004. Um mánaðamót janúar og febrúar 2005 hafi komið til tals milli málsaðila að sótt yrði um atvinnuleyfi fyrir stefnanda og að hún yrði ráðin sem starfsmaður hjá stefnanda, enda hafi verið þörf á auknum mannskap til að undirbúa ferðamannavertíðina um sumarið. Stefnandi hafi tjáð stefnda að hún hefði kynnt sér málin og talið sig hafa vilýrði fyrir því að atvinnuleyfi fengist. Hafi fyrirsvarsmannur stefnda, Steinn Eiríksson, fengið þetta staðfest í símtölum við Vinnumálastofnun og þáverandi framkvæmdastjóra Afls þann 3. febrúar. Sótt hafi verið um atvinnuleyfi fyrir stefnanda og í tengslum við það hafi verið útbúinn ráðningarsamningur hinn 8. febrúar, sem taka hafi átt gildi 1. mars. Um mánaðamót febrúar og mars hafi málsaðilum borist óformlega til eyrna að atvinnuleyfi fengist ekki útgefið og hafi það endanlega verið staðfest með bréfi Vinnumálastofnunar á dskj. nr. 11. Hafi þá ekki verið grundvöllur fyrir því að stefnandi yrði ráðin starfsmaður hjá stefnda. Hinn 12. mars hafi stefnanda og fyrirsvarsmanni stefnda lent saman vegna þessa og hafi stefnandi yfirgefið fyrirtækið, skilað lykklum og ekki haft aðgang að fyrirtækinu eftir það. Ranghermt sé í stefnu að stefnandi hafi unnið hjá stefnda einn dag í maí 2005.

Á því tímabili sem stefnandi hafi verið sjálfboðaliði hjá stefnda hafi hún fengið greiðslur frá stefnda til framfærslu, alls 242.186 krónur, auk þess sem hún hafi fengið fæði á vegum fyrirtækisins. Stefnandi hafi haft fullan aðgang að húsnæði og búnaði fyrirtækisins á þessum tíma og sinnt þar ýmsum verkefnum í þágu stefnda auk eigin hugðarefna. Hafi hún skráð viðveru sína í húsinu á sama tíma og starfsmenn fyrirtækisins hafi gert. Stefndi kveðst aldrei hafa gefið út launaseðil vegna stefnanda.

Hinn 16. mars 2005 hafi stefnandi komið að máli við fyrirsvarsmann stefnda í fylgd vinkonu sinnar og krafist launa frá fyrirtækinu. Hafi hún hótad að fara í mál við fyrirtækið og bera út óhróður um það. Til að koma til móts við stefnanda og forðast leiðindi hafi fyrirsvarsmaður stefnda ákveðið að greiða stefnanda 75.000 krónur auk 8.416 króna, sem hún hafi krafist vegna útlagðs kostnaðar fyrir fyrirtækið. Hafi fyrri fjárhæðin verið greidd stefnanda í reiðufé á fundinum og sú seinni jafnframt millifærð inn á reikning stefnanda og hafi málsaðilar skilið sáttir. Að kvöldi þessa dags hafi stefnandi sent stefnda tölvupóst og krafist enn frekari greiðslna.

Stefnandi kveðst hafa leitað til Verslunarmannafélags Austurlands vegna málsins, sem síðan hafi komið henni í samband við AFL Starfsgreinafélag Austurlands. Stefnda hafi verið sent innheimtubríf þann 18. október 2005 og stefna í málinu útbúin 10. janúar 2006. Hafi innheimtuaðgerðum þá verið hætt þar sem fyrirsjáanlegt hafi verið samkomulag milli AFLs og stefnda og að stefnandi fengi kröfu sína greidda. Svo hafi þó ekki orðið þrátt fyrir þó nokkra fundi og hinn 31. júlí 2007 hafi innheimta kröfunnar hafist aftur með innheimtubrési. Því bréfi hefur ekki verið svarað og kveður stefnandi málshöfðun þessa því nauðsynlega.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína með eftirfarandi hætti:

Nr.	Gjalddagi	Fjárhæð	Tegund
1.	01.05.05	10.287	Ógreidd laun samkvæmt launaseðli
2.	01.05.05	34.223	Ógreitt afdregið orlof samkvæmt launaseðli
3.	01.06.05	4.200	Ógreidd laun vegna 6 tíma vinnu í maí, þ.m.t. orlof

Munnlegar skýrslur gáfu fyrir dómi stefnandi, Steinn Eiríksson, fyrirsvarsmaður stefnda og vitnin, Kristjana Jónsdóttir, Kristín María Björnsdóttir, Björn Aðalsteinsson, Jónína Hjaltadóttir og Matthildur Erla Þórðardóttir.

III.

Málsástæður

Málsástæður stefnenda.

Af hálfu stefnanda er byggt á almennum reglum vinnuréttarins og kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Austurlands er gilt hafi frá 1. mars 2004 til 31. desember 2007. Einnig kveðst stefnandi byggja á 1. gr. laga nr. 55/1980, en þar komi fram að laun og önnur [starfskjör](#), sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um, skuli vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er

samningurinn taki til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skuli ógildir.

Stefnandi kveðst byggja á því að hún hafi verið í föstu starfi hjá stefnda og henni beri að fá umsamin laun greidd fyrir þá vinnu sem hún raunverulega innti af hendi, sem og orlof. Samkvæmt ráðningarsamningi hafi stefnandi átt að fá laun greidd mánaðarlega, en hún takmarki vaxtakröfur sínar vegna launa samkvæmt launaseðli við 1. maí 2005. Kveður hún laun vegna vinnu í maí 2005 vera með gjalddaga 1. júní sama ár. Um orlof vísar stefnandi til 4. kafla kjarasamnings og laga nr. 30/1987.

Stefnandi kveðst styðja kröfur sínar um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. með síðari breytingum, kröfu um málskostnað við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattskyld og því beri henni nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um varnarþing er vísað til 33. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveðst í fyrsta lagi byggja sýknukröfu sína á því að milli aðila hafi á fundi hinn 16. mars 2005 tekist bindandi samkomulag um lyktir málsins og hafi stefndi greitt stefnanda tiltekna fjárhæð til lúkningar þess. Vísar stefndi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar hvað þetta varðar, m.a. um skuldbindingargildi loforða.

Í öðru lagi kveðst stefndi byggja sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda og eigi ekki rétt til launa og geti ekki, svo sem gert sé í stefnu, byggt á ráðningarsamningi, meintum launaseðli og gildandi kjarasamningum. Óumdeilt sé að stefnandi hafi ekki verið með atvinnuleyfi hér á landi. Samkvæmt II. kafla laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 hafi stefnanda verið óheimilt að taka að sér launuð störf á Íslandi. Jafnframt geri kerfið ekki ráð fyrir að þetta sé unnt og sé t.d. ekki unnt að skila staðgreiðslu og lífeyrissjóðsiðgjöldum af slíkri óheimilli vinnu. Samkvæmt 11. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002 sé það eitt af skilyrðum dvalarleyfis að viðkomandi sýni fram á trygga framfærslu á Íslandi. Nokkuð muni vera um það að útlendingar komi til landsins til að sinna sjálfbóðaliðastörfum fyrir menningar- og samfélagsleg verkefni. Liggi þá gjarnar til grundvallar að viðkomandi aðilar sjái útlendingunum fyrir fæði, húsnæði og fé til framfærslu. Þannig sé viðurkennt í framkvæmd að aðilar geti þegið fé frá þessum fyrirtækjum og stofnunum og lagt af mörkum vinnuframlag án þess að teljast launþegar.

Stefndi kveður ráðningarsamning aðila á dskj. nr. 3 aldrei hafa tekið gildi. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 7.gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga sé ráðningarsamningur skilyrði þess að atvinnuleyfi fáiast. Eðli málsins samkvæmt geti slíkur samningur ekki öðlast gildi fyrr en þegar og ef atvinnuleyfi fæst. Á dskj. nr. 8 sé skjal sem stefnandi kalli launaseðil. Skjal þetta sé ekki sprottið úr launabókhalda stefnda og ekki útbúið af stefnda. Hafi það því ekkert skuldbindingargildi af hálfu stefnda. Allar forsendur og upplýsingar í skjalinu séu tilbúningur og sé því mótmælt sem efnislega röngu.

Í þriðja lagi kveðst stefndi telja að þrátt fyrir að fallist yrði á það leggja áðurnefndan ráðningarsamning og gildandi kjarasamning til grundvallar í málinu sé engu að síður búið að greiða stefnanda hærrí fjárhæð en hún eigi rétt á samkvæmt þeim. Því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Óumdeilt sé að stefndi hafi greitt stefnanda alls 242.186 krónur. Jafnframt hafi stefnandi í 61 skipti fengið hádegisverð á vegum fyrirtækisins, en aðrir starfsmenn hafi greitt 800 krónur fyrir hádegisverðinn. Samtals geri þetta 48.800 krónur. Samtals nemi þessar tvær fjárhæðir 290.986 krónum. Þá sé því sérstaklega mótmælt að stefnanda hafi borið að fá laun fyrir tímabilið desember 2004 til febrúar 2005 á grundvelli ráðningarsamnings á dskj. nr. 3, því hann beri með sér að hafa fyrst átt að taka gildi 1. mars 2005. Gegn orðalagi sínu verði hann ekki gerður afturvirkur. Réttara sé að miða laun við kjarasamning. Loks er á því byggt að greiðslur þær sem stefnandi hafi fengið séu hærrí en henni hafi borið samkvæmt gildandi kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Austurlands frá 1. mars 2004. Samkvæmt honum virðist stefnandi hafa átt að ráðast í 2. launaflokk. Byrjunarlaun hafi þá átt að vera 100.388 krónur á mánuði eða 579 krónur á klukkustund miðað við fullt starf, þ.e. 173,33 klukkustundir á mánuði. Að viðbættu 10,17% orlofi geri þetta 638 krónur á klukkustund.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefndi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Niðurstaða

Ósannað er að á fundi hinn 16. mars 2005 hafi komist á bindandi samkomulag á milli málsaðila um lyktir málsins.

Óumdeilt er að stefnandi kom til starfa hjá stefnda í byrjun desember 2004 og starfaði þar til 12. mars 2005. Þá er óumdeilt að stefnandi fékk alls 242.186 krónur greiddar frá stefnda vegna vinnuframlags síns í þágu stefnda á þessu tímabili. Hefur tímaskráningu á dskj. 4-7, sem lögð hefur verið til grundvallar útreikningi á launakröfum stefnanda, ekki verið mótmælt af hálfu stefnda. Verður tímaskráningin því lögð til grundvallar við úrlausn málsins.

Fyrirsvarsaður stefnda heldur því fram að stefnandi hafi komið til starfa hjá fyrirtækinu sem sjálfboðaliði í því augnamiði að kynnast umhverfinu, staðnum og menningu landsins. Hann sagði að nokkuð væri um það að útlendingar kæmu til starfa hjá fyrirtækinu sem sjálfboðaliðar. Þeim væri þá séð fyrir húsnæði og fæði og einnig fengju þeir aðstöðu hjá fyrirtækinu til að vinna að eigin hugðarefnum. Ekki væru gerðar sömu kröfur til vinnuframlags frá sjálfboðaliðum og almennum starfsmönnum og í raun hefðu þeir mjög frjálssar hendur hvað vinnuframlag snertir. Þeir væru þó til aðstoðar í fyrirtækinu og greiðslur til þeirra væru í formi vasapeninga.

Stefnandi mótmælir því að hafa verið sjálfboðaliði í fyrirtæki stefnda og segir að það hafi aldrei staðið til. Fær sú fullyrðing stuðning í skýrslu vitnisins Kristjönu

Jónsdóttur hér fyrir dómi. Sjá má af nákvæmri tímaskráningu stefnanda á dskj. nr. 4-7 að stefnandi hefur á umræddu tímabili að jafnaði unnið a.m.k. 8 klukkustundir á dag í þágu stefnda. Einnig hefur komið fram að stefndi sá stefnanda ekki fyrir húsnæði á meðan hún starfaði hjá fyrirtækinu. Þá kom fram í skýrslu fyrirvarsmanns stefnda hér fyrir dómi að það hefði fyrst komið í ljós eftir að stefnandi hóf störf hjá fyrirtækinu að hún hefði ekki atvinnuleyfi. Einnig bar hann um það að stefnandi hefði sótt það stíft að fá atvinnuleyfi og að hún yrði ráðinn sem starfsmaður hjá stefnda. Jafnframt að ætlunin hefði verið sú að ráða stefnanda til starfa hjá fyrirtækinu fengi hún atvinnuleyfi. Allt þykir þetta ganga gegn þeirri fullyrðingu fyrirvarsmannsins að stefnandi hafi starfað sem sjálfboðaliði í þágu stefnda. Hefur stefnda ekki tekist að hnekkja þeirri fullyrðingu stefnanda að hún hafi ráðið sig til starfa sem almennur starfsmaður í fyrirtæki stefnda.

Ljóst er að stefnandi hafði ekki atvinnuleyfi hér á landi. Var henni því óheimilt að ráða sig í vinnu hér á landi og stefnda var jafnframt óheimilt að ráða hana til starfa, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Samkvæmt 17. gr. laganna varða brot gegn lögnum sektum eða fangelsi. Sú staðreynd þykir hins vegar ekki breyta því að samkvæmt almennum reglum samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga bar stefnanda að fá greidd umsamin laun fyrir þá vinnu sem hún sannanlega innti af hendi í þágu stefnda.

Stefnandi heldur því fram að hún og fyrirvarsmáður stefnda hafi samið um það munnlega í fyrstu að hún fengi 700 krónur á klukkustund og að sú fjárhæð hafi verið áréttuð í skriflegum ráðningarsamningi frá 8. febrúar 2005. Þessi fullyrðing stefnanda fær stuðning í skýrslu vitnisins Kristjönu Jónsdóttur hér fyrir dómi, en hún sagði að stefnandi hefði borið þessa fjárhæð undir sig í byrjun og hún sagt stefnanda að þetta væru sanngjörn byrjunarlaun. Þá fær þessi fullyrðing stuðning í skriflegum ráðningarsamningi á dskj. nr. 3 og skjali, sem ber yfirskriftina launaseðill á dskj. nr. 8, en fyrirvarsmáður stefnda hefur viðurkennt að hafa útbúið skjalið. Með vísan til framangreinds þykir sannað að málsaðilar hafi samið um 700 krónur á tímann að meðtöldu 10,17 % orlofi. Samkvæmt gögnum málsins nema því vangreidd laun til stefnanda vegna tímabilsins frá 10. desember 2004 til 12. mars 2005 10.287 krónum og afdregið orlof 34.223 krónum.

Þá heldur stefnandi því fram að hún eigi ógreidd laun vegna sex tíma vinnu í þágu stefnda hinn 26. maí 2005. Fyrirvarsmáður stefnda viðurkendi í skýrslu sinni hér fyrir dómi að stefnandi hefði komið á vinnustaðinn og veitt aðstoð sína í ákveðnu verkefni í fyrirtækinu umræddan dag. Einnig sagði fyrirvarsmáðurinn að það hefði stefnandi að öllum líkindum gert að beiðni stefnda. Með vísan til þessa framburðar fyrirvarsmannsins þykir sannað að stefnandi hafi innt af hendi vinnu í þágu stefnda umræddan dag og verður tímaskráning stefnanda lögð til grundvallar enda hefur henni ekki verið hnekkkt af hálfu stefnda.

Gegn mótmælum stefnanda er ósannað að svo hafi um samist að hádegisverður að fjárhæð 800 krónur á dag skyldi dragast frá launum stefnanda, en samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups er óheimilt að greiða laun með skuldajöfnuði nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið.

Niðurstaða málsins er því sú að dómkröfur stefnanda eru teknar til greina að öllu leyti.

Með hliðsjón af málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn að fjárhæð 286.848 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Álfsteinn ehf., greiði stefnanda, Jacqueline St. Jacques, 48.710 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af 44.510 krónum frá 1. maí 2005 til 1. júní 2005, en af af 48.710 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. maí 2006.

Stefndi greiði stefnanda 286.848 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Bragadóttir